

Djúpivogur 18. September 2018

### **Erindi til sveitastjórnar Djúpavogshrepps og þeirra sem málið varðar**

Við undirritaðar viljum fá upplýsingar um stöðu mála er snúa að því að bæta umferðaröryggi í þéttbýli Djúpavogshrepps og spyrjum því: Er á skipulagi að bæta við...

- A) fleiri hraðahindrunum, ef já, hvar og hvenær ?
- B) Fleiri gangbrautum, ef já, hvar og hvenær ?
- C) Viðeigandi merkingum við gangbrautir sem fyrir eru með skiltum (td. í Hammersminni), ef já, hvar og hvenær ?
- D) Skiltum sem segja til um hraðatakmarkanir þar sem það á við, ef já, hvar og hvenær ?
- E) Skiltum sem segja til að á þessu svæði séu börn á leið í skóla/ við leik þar sem það á við, ef já, hvar og hvenær ?
- F) Hvetja til að tekið sé harðar á hraðakstri, vítaverðum akstri, lítilli bílbelta og hjálma notkun og fleira sem lýðst hér ólöglega, ef já, hvenær ?

„ Í umferðarlögum (Alþingi. 1987), í reglum fyrir alla umferð er kveðið á um að: Lögreglustjóri og veghaldari [innskot: sveitarfélagið Djúpavogshreppur] skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla. (4.gr)“ og bendum við þar á ómerktar gangbrautir eða jafnvel gangbrautaleysi í og við skóla/leikskóla/tónskóla.  
- [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar\\_gangbrautir/\\$file/2015-01-13\\_Leidbeiningar\\_gangbrautir.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar_gangbrautir/$file/2015-01-13_Leidbeiningar_gangbrautir.pdf)

Við skorum á og hvetjum sveitastjórn til að setja þessi mál í forgang.

Með bestu kveðju og þökkum

Ágústa Margrét Arnardóttir og Guðlaugur Birgisson  
Jóhanna Reykjalín og Ingi Ragnarsson